

## Af hverju biðja kaþólskir fyrir látnum?

Gamla testamentið, sem Kristur sjálfur vitnar í, kennir að rétt sé að biðja fyrir hinum látnu. (2Makk 12:40; 42; 44-45) En þar segir: „Undir kyrtli sérhvers sem látinn var fundu menn helgitákn skurðgoða Jamnia, sem gyðingum var bannað að bera. Öllum varð ljóst að það var af þessum sökum sem mennirnir höfðu fallið....og þeir snéru sér að bænahaldi, báðu þess að syndin sem framin hafði verið mætti vera fyrirgefin....Því ef hann ekki vænti þess að þeir sem fallið höfðu myndu rísa aftur, væri tilgangslaust og heimskulegt að biðja fyrir hinum látnu...Hann afplánaði friðþægingu fyrir þá látnu, að þeir mættu fá syndaaflausn.” Páll postuli tekur í sama streng er hann segir: „Til hvers eru menn annars að láta skírast fyrir hina dánun? Ef dauðir menn rísa alls ekki upp, hversvegna láta menn þá skíra sig fyrir þá?” (1Kor 15:29) Þessi ummæli eru skírskotun til bæna og föstu fyrir hina látnu, en orðið að „skírast” merkir einnig oft að afplána friðþægingu samanber Markúsarguðspjall 10:38-39; og Lúkasarguðspjall 3:16 og 12:50. Páll postuli veitir einnig fordæmi er hann biður fyrir hinum látna Onesiphorus. (2Tim 1:6-18) Enn fremur skírskotar Trúarjátningin einnig til þess að við höfum samfélag við heilaga: „Ég trúi á samfélag heilagra,” sem felur í sér hina heilögu á jörðu niðri jafnt sem hólpana á himnum og sálirnar í hreinsunareldinum sem eiga upprisu í vændum, og sem við getum aðstoðað og aukið vellíðan hjá með bænum okkar.

-----

Dr. Gígja Gísladóttir: Trúvörn